

Til atvinnuveganefndar Alþingis

Landssamband veiðifélaga óskar eftir að koma fram eftirfarandi athugasemd varðandi frumvarp til laga um velferð dýra sem háttvirt atvinnuveganefnd hefur til meðferðar.

Athugasemd er gerð við orðalag 20. gr. frumvarpsins er varðar aflifun dýra.

Í 2. málslíð greinarinnar segir svo meðal annars: *“Óheimilt er að aflífa dýr með því að drekkja þeim, nema um sé að ræða gildruveiði minka sem hluta af skipulögðum aðgerðum til að halda minkastofninum í skefjum.”*

Af orðalagi greinarinnar má ráða að einungis verði heimilt að veiða mink með gildrum eða svo kölluðum minkasíum ef slíkt er hluti af skipulegum aðgerðum.

Verði ákvæðið leitt í lög, með óbreyttu orðalagi er augljóst að lögin verða andstæð þeim markmiðum að stemma stigu við útbreiðslu minksins í náttúru landsins.

Það er grundvallaratriði, að mati Landssambands veiðifélaga, að við setningu löggjafar um þessi efni verði ekki reistar skorður við minkaveiðum sem eigendur hlunninda stunda til að verja lífríki landsins fyrir þeim vágasti sem minkur er í ám og vötnum. Vitað er að minkur vinnur mikið tjón á seiðabúskap og er talið að a.m.k. 35% fæðu hans sé af þeim toga. Minkasiurnar hafa reynst mjög árangursrík tæki til að halda mink í skefjum við ár og vötn og veiðarnar eru í flestum tilvikum ekki hluti af skipulegum aðgerðum heldur er þar um að ræða landeigendur sem eru að verja hlunnindi sín, hver og einn.

Landssamband veiðifélaga leggur því til að orðalag greinarinnar verði breytt á þann veg að niður falli úr þeirri setningu, sem vitnað er til hér að framan, orðin: *“sem hluta af skipulögðum aðgerðum”* og setningin verði þá svohljóðandi:

Óheimilt er að aflífa dýr með því að drekkja þeim, nema um sé að ræða gildruveiði til að halda minkastofninum í skefjum.

Með þessari breytingu er þá orðið tryggt að rétti landeigenda til að verja lönd sín gegn tjóni af völdum minka er ekki raskað og lagagreinin um margt skýrari, en með núverandi orðalagi. Standi greinin hinsvegar óbreytt, er orðinn uppi ákveðinn vafi um hvort aðeins er heimilt að nota minkagildir, sem settar eru í vatn, ef slíkt er hluti af skipulegri aðgerð sem ekki er þó ljóst hver hefur umsjón með. Þá er lagt til að viðeigandi breytingar verði gerðar á greinargerð með frumvarpinu.

Landssamband Veiðifélaga leggur þunga áherslu á að landeigendur eigi áfram óhindraðir kost á að verja hlunnindi sín gegn náttúruspjöllum af völdum minksins.

Virðingarfyllt,
Landssamband veiðifélaga

Óðinn Sigþórsson formaður